

Merkilegt tónskáld

Mer þótti vænt um að sjá
getið um tónskáldið. próf.
Sigurð Helgason í Winnipegblað-
inu Heimskringlu 20. maí s. l. Það
er vafalaust rjett, sem greinar-
höfundurinn, Þorgils Ásmundsson,
segir, að vjer hjerna megin hafa-
ins, höfum ekki veitt verkum þessa
tónskálds þá eftirtekt, sem vert
væri. Því að það mun ekki ofsagt,
að sum allrafallegustu lögin, sem
til eru eftir íslenskt tónskáld, sjeu
einmitt eftir Sigurð Helgason, eins
og t. d. hið ljómandi lag við
„Skagafjörð“ Matthíasar, sem vjer
fengum að heyra, og það ágætlega
sungið, á Útvarpskvöldi Skagfirð-
ingafjelagsins s. l. vetur. Tókst sú
kvöldvaka einnig að öðru leyti
mjög vel, svo að vjer fengum þar
jafnvel að heyra fyrirtaks erindi
um jarðfræði Skagafjarðar, flutt
af Jakobi Línadal.

25. sept.

Helgi Pjeturss.

1941